

REGLUGERÐ

um sérstakt gjald af bifreiðum og bifhjólum.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð sérstakt gjald af bifreiðum og bifhjólum sem flokkast undir vörulíði 8702, 8703 og 8711 eins og nánar er kveðið á um í reglugerð þessari.

2. gr.

Gjald af bifreiðum sem flokkast undir vörulíð 8703 skal lagt á í eftirfarandi sjö gjaldflokkum miðað við eigin þyngd eða sprengirými aflvélar mælt í rúmsentimetrum, sbr. þó 3.—5. mgr.:

	Eigin þyngd kg	Sprengirými cm ³	Gjald í %
I	0—700	0—1.000	5
II	701—800	1.001—1.300	13
III	801—900	1.301—1.600	20
IV	901—1.100	1.601—2.000	27
V	1.101—1.300	2.001—2.300	37
VI	1.301—1.500	2.301—3.000	47
VII	>1.500	>3.000	55

Við flokkun til gjaldskyldu í lægri gjaldflokki, komi fleiri en einn til álita skv. 1. mgr., nægir að annað skilyrðið, eigin þyngd eða sprengirými, sé uppfyllt. Með „eigin þyngd“ er átt við þyngd bifreiðar eins og hún er skýrgreind samkvæmt staðli Alþjóðlegu stöðlunarstofnunarinnar ISO, nr. 1176 Road vehicles — Weights — Vocabulary (tölulíður 4.6), og er þá miðað við ökutæki tilbúin til aksturs m.a. með olíu, kælimiðli, eldsneyti, rafgeymi, aukahjólbarða og verkfærasetti.

Af beltabifhjólum (vélsleðum) skal greiða 60% sérstakt gjald.

Af fjórhjólum skal greiða 80% sérstakt gjald.

Sjúkrabifreiðar, ökutæki, að eigin þyngd meira en 400 kg og sérstaklega gerð til aksturs í snjó, og bifreiðar sem knúnar eru rafhreyfli eru undanþegnar gjaldi samkvæmt reglugerð þessari.

3. gr.

Af almenningsbifreiðum í vörulíð 8702 skal greiða sérstakt gjald svo sem hér segir:

Af almenningsbifreiðum fyrir 30 farþega og fleiri að meðtöldum öikumanni skal greiða 12% gjald.

Af öðrum almenningsbifreiðum skal greiða 20% gjald.

4. gr.

Af bifhjólum í vörulíð 8711 skal greiða 70% sérstakt gjald samkvæmt reglugerð þessari.

5. gr.

Bifreiðar og bifhjól í eigu erlendra sendiráða, sendiráðisskrifstofa, diplómátískra sendimanna og sendiráðismanna skulu undanþegin gjaldskyldu samkvæmt reglugerð þessari, enda sé slíkt skylt samkvæmt milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að eða sendimenn og sendisveitir njóti sams konar fríðinda hjá viðkomandi ríki. Sama skal gilda að því er varðar alþjóðasamtök og -stofnanir sem hér eru.

II. KAFLI

Innfluttar bifreiðar og bifhjól.

5. gr.

Við innflutning gjaldskyldra bifreiða og bifhjóla skal gjald skv. 2.—4. gr. lagt á tollverð þeirra eins og það er ákveðið samkvæmt ákvæðum tollalaga nr. 55/1987. Gjaldið skal innheimt við tollafgreiðslu á innfluttum gjaldskyldum bifreiðum ásamt aðflutningsgjöldum.

6. gr.

Innflytjandi bifreiðar eða bifhjóls skal afhenda viðkomandi tollyfirvaldi, ásamt aðflutningsskýrslu, umsókn á þar til gerðu eyðublaði um skráningu ökutækis þar sem m.a. skal gerð grein fyrir eigin þyngd og stærð sprengirýmis aflvélar viðkomandi ökutækis (kW ef um rafknúna bifreið er að ræða), sbr. 2. gr.

Eyðublöð vegna umsóknar um skráningu ökutækis fást hjá tollyfirvöldum.

III. KAFLI

Innlend samsetning.

7. gr.

Bifreiðar og bifhjól sem sett eru saman hér á landi eru gjaldskyld skv. 2.—4. gr. og er óheimilt að skrasetja fyrr en sérstakt gjald samkvæmt reglugerð þessari hefur verið greitt.

8. gr.

Gjald af bifreiðum eða bifhjólum sem framleiddar eru eða settar saman hér á landi skal greitt áður en skráning þeirra fer fram. Gjaldið skal lagt á verksmiðjuverð þeirra. Sé erfiðleikum bundið að ákvarða verksmiðjuverð er heimilt að meta það. Skal við matið höfð hliðsjón af tollverði hliðstæðra innfluttra ökutækja eða verksmiðjuverð hliðstæðra ökutækja framleiddra hérlendis.

9. gr.

Gjaldskyldir samkvæmt ákvæðum þessa kafla eru allir þeir sem setja saman gjaldskyld ökutæki hér á landi, hvort sem er til endursölu eða eigin nota.

Þeir sem gjaldskyldir eru samkvæmt þessari grein skulu ótilkvaddir greiða innheimtumannni ríkisísjós í því umdæmi þar sem þeir eru heimilisfastir gjald það sem þeim ber að standa skil á. Greiðslu, sem innt skal af hendi áður en skráning ökutækis fer fram, skal fylgja skýrsla á þar til gerðu eyðublaði um hið gjaldskylda ökutæki ásamt umsókn um skráningu, sbr. 6. gr.

IV. KAFLI

Ýmis ákvæði.

10. gr.

Við flokkun á bifreiðum til gjaldskyldu skulu gjaldskyldir aðilar, ef tollstjóri telur ástæðu til, leggja fram upplýsingar frá framleiðanda ökutækis um eigin þyngd og stærð sprengirýmis aflvélar viðkomandi ökutækis (kW ef um rafknúna bifreið er að ræða), sbr. 2. gr.

11. gr.

Lögreglustjóri eða bifreiðaeftirlit skulu ganga úr skugga um við skráningu bifreiðar að gjald skv. 2. gr. hafi verið greitt. Komi í ljós að gjald sé vangreitt skal viðkomandi tollyfirvaldi þegar tilkynnt það.

12. gr.

Sérstakt gjald sem lagt er á samkvæmt reglugerð þessari myndar gjaldstofn til söluskatts.

Þrátt fyrir ákvæði 2.—4. gr. má gjald samkvæmt reglugerð þessari aldrei vera hærra en nemur 134,99% af fob-verði hverrar bifreiðar.

13. gr.

Að því leyti sem eigi er ákveðið í reglugerð þessari um gjaldskyldu, álagningu, úrskurð um flokkun til gjaldskyldu, innheimtu, veð, sektir, viðurlög, refsingar og aðra framkvæmd varðandi sérstakt gjald af bifreiðum og bifhjólum skulu gilda eftir því sem við getur átt ákvæði tollalaga nr. 55/1987 og laga nr. 97/1987 um vörugjald svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

14. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 16. gr., sbr. 35. gr., laga nr. 4/1960, um efnahagsmál, til að öðlast gildi 1. janúar 1988 og birtist til eftirbreytni þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi numin reglugerð nr. 104/1986 um sérstakt gjald af bifreiðum með síðari breytingum svo og önnur þau fyrirmæli er kunna að brjóta í bága við ákvæði reglugerðar þessarar.

Fjármálaráðuneytið, 31. desember 1987.

F.h.r.

Sigurgeir Jónsson.

Indriði H. Þorláksson.

REGLUGERÐ

um skil á staðgreiðslufé.

1. gr.

Launagreiðandi skal ótilkvaddur skila skilgrein og því staðgreiðslufé sem honum ber að halda eftir eigi sjaldnar en mánaðarlega til innheimtumanns staðgreiðslu í samræmi við ákvæði laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum. Skilgrein skal skila mánaðarlega enda þótt engin laun hafi verið greidd eða persónu-afsláttur launamanna veldur því að engin staðgreiðsla er tekin af starfsmönnum.

Gjaldldagi vegna greiðslutímabils liðins mánaðar er 1. dagur næsta mánaðar en eindagi 14 dögum síðar.

2. gr.

Launagreiðanda ber að útfylla og skila sérstakri skilgrein fyrir hvern mánuð þar sem fram kemur sundurliðun staðgreiðslu fyrir hvern starfsmann hans. Heimilt er með samþykki ríkisskattstjóra og viðkomandi innheimtumanns staðgreiðslu að skila sundurliðun í tölvutæku formi. Ríkisskattstjóri setur nánari reglur um fyrirkomulag og meðferð skilgreina.

3. gr.

Launagreiðandi skal gera skil á staðgreiðslu og skilgreinum í því umdæmi sem hann á lögheimili. Skil skal gera til gjaldheimtna þar sem þær eru starfandi en annars staðar til sýslumanns eða bæjarfógeta.